



Leikskólinn Klettaborg Borgarnesi

Ársskýrsla og starfsáætlun

2024-2025

Saman getum við meira
sjálfstæði – virðing – gleði.



BORGARBYGGÐ

www.borgarbyggd.is

Efnisyfirlit

Formáli	4
Inngangur	5
Starfsfólk.....	5
Starfsmannahópurinn	5
Mannauður	5
Starfsþróunarsamtöl	5
Áætlun um símenntun í leikskólanum 2025-2026	6
Aðrar upplýsingar	6
Foreldrasamvinna	7
Foreldrafélag	7
Foreldraráð	7
Samstarf leik- og grunnskóla	7
Helstu viðfangsefni síðastliðið skólaár	8
Helstu verkefni	8
Helstu viðburðir í skólastarfinu	9
Mat á skólastarfi	10
Innra mat.....	10
Matsaðferðir og gagnaöflun	11
Starfsfólk.....	11
Foreldrar	14
Börn	14
Matsviðmið	16
Matsaðferðir	16
Þátttakendur í mati	16
Framkvæmd mats	16
Framsetning niðurstaðna	16
Gerð umbótaáætlana og eftirfylgd með þeim	16
Ytra mat	16
Þættir leikskólastarfsins sem unnið var með skólaárið 2024-2025.	16
Matsþættir sem vinna á með skólaárið 2025-2026	17
1. Allir leikskólar Borgarbyggðar eru að fara í samstarfsverkefni með miðstöð menntunar og skólaþjónustu og Ásthildi Bj. Snorradóttur, talmeinafræðings.	17
2. Halda þróunarverkefninu “Sérðu mig” á lofti.	17
3. Yfirfara og endurgera skólanámskrá leikskólans.....	17

4.	Stuðningur /sérkennsla	17
5.	Hæglæti í skólastarfinu.....	17
Öryggis og slysamál		18
Húsnæði og lóð.....		18

Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna allir leikskólar eftir Aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína eigin skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar koma fram.

Leikskólar gera árlega starfsáætlun þar sem fjallað er um starfsemi leikskólans á komandi skólaári, þar er birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Áætlunin er vinnuskjal og á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á næsta skólaári.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðum og áætlun um hvernig þau verða metin.
- Jafnréttisáætlun.
- Áherslur í starfsáætlun fræðsluviðs Borgarbyggðar sem leikskólum ber að vinna að.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hver og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðsluviðs. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráð til samþykktar.

Inngangur

Ársskýrsla er mikilvæg til þess að fá góða yfirsýn yfir starf leikskólans og endurmeta með gagnrýnum augum það starf sem unnið er, því þannig verður starfið og stefna leikskólans skýrari og markvissari. Í þessari ársskýrslu verður farið yfir helstu þætti skólaársins og það endurmetið ásamt því að sett verður fram starfsáætlun fyrir skólaárið 2025-2026.

Sumarið 2024 var lokað vegna sumarleyfa í 4 vikur, 10. júlí – 7. ágúst. Leikskólinn opnaði eftir sumarleyfi þann 8. ágúst kl. 10.00. Eins og áður var boðið uppá að þeir sem óskuðu eftir 5 vikna samfelldu fríi fengju fimmtu vikuna gjaldfrjálsa og voru 9 börn sem nýttu sér það fyrirkomulag.

Starfsfólk

Eins og alltaf þá verða einhverjar breytingar á starfsmannahaldi á haustin. Í ár gekk okkur ágætlega að ráða í allar stöður.

Unnið er samkvæmt viðverustefnu Borgarbyggðar sem farið er yfir á hverju hausti. Fulltrúar frá launadeild komu á starfsmannafund og kynntu nýja viðverustefnu. 36 stunda vinnuvika tók gildi 1. nóvember sem hefur haft mikil áhrif á starfsmannahaldið. Þar sem viðvera starfsmanna eru 36 klukkustundir á viku en grunnvistunartími barna er 40 klst. Talsvert hefur verið um fjarvistir á skólaárinu vegna veikinda, lengri og styttri, skólasóknar, auk annarrar fjarveru. Mannekla hafði áhrif á undirbúning kennara og starfið í heild auk þess sem mannekla skapar mikið álag á þá sem eftir eru.

Nemendur frá vinnuskóla Borgarbyggðar komu og tóku þátt í leikskólastarfinu í sumar. Mikil ánægja var með samstarfið og er vilji til að halda því áfram. 1. ágúst tók Margrét Halldóra Gísladóttir við stöðu leikskólastjóra.

Starfsmannahópurinn

Mannauður

Þann 1. desember 2024 störfuðu í Klettaborg samtals 22 starfsmenn, 18 konur og fjórir karlmenn. Fimm starfsmenn hafa kennsluréttindi þar af tveir með diplóma í sérkennslufræðum, einn kennari með BA í uppeldis- og menntunarfræðum auk diplómu í Menntun án aðgreiningar, einn starfsmaður er með aðstoðarleikskólakennaramenntun og er í MT námi, einn kennari er með B.Ed í grunnskólakennslu yngri barna og er í MT námi, einn er með B.s í iðjuþjálfunarfræðum, einn kennari er með leikskólaliðamenntun og er að klára fagháskólanám.

Starfsþróunarsamtöl

Skólastjóri tók árleg starfsmannasamtöl í febrúar, erfiðlega gekk að klára samtölin vegna mikillar manneklu. Starfsmannasamtal er vettvangur þar sem starfsmenn ræða starfið sitt, vinnustaðinn, líðan og samskipti en þannig fær viðkomandi tækifæri til að hafa áhrif á vinnuumhverfi sitt og leggja drög að starfsþróun. Markmið með samtalinu er alltaf að bæta samstarf og starfsanda.

Þrír starfamenn voru á námsstyrk hjá Borgarbyggð, einn kennari í mastersnámi í leikskólakennarafræðum, einn kennari í mastersnámi í grunnskólakennarafræðum og einn kennari í fagháskólanámi.

Símenntun og starfsþróun 2024-2025

Símenntun starfsfólks fór fram í gegnum fyrirlestra á starfsmannafundum og skipulagsdögum. Þetta skólaárið snerist símenntun að mestu um þróunarverkefnið “Sérðu mig” þar sem við fengum styrk úr sprotasjóð.

- Einhverfa, örnámskeið fyrir leikskóla. Hvað liggur á bak við erfiða hegðun? Ég er unik. Aðalheiður Sigurðardóttir
- Málproski barna. Þorbjörg Saga Ásgeirsdóttir.
- Leikur barna, hlutverk fullorðinna og inngilding. Sara Margrét Ólafsdóttir og Svava Björk Mörk.
- Fullgildi og Leikurinn, leikheimar. Sara Margrét Ólafsdóttir og Svava Björk Mörk.
- Fullgildi og inngilding í samfélagi leikskóla. Sara Margrét Ólafsdóttir og Svava Björk Mörk.
- Upprifjun, umræður og næstu skref í þróunarverkefni. Sara Margrét Ólafsdóttir og Svava Björk Mörk.
- Invest in play. Lóa Guðrún Gísladóttir.
- Umbunarkerfi “Ég ætla að gefa þér fyrirmæli” Katrín S. Björnsdóttir.
- Áhrif Complex trauma á tengsl og þroska leik- og grunnskólabarna. Jóhanna Jóhannesdóttir.
- Kynning launafulltrúa á viðverustefnu Borgarbyggðar. Íris Gunnarsdóttir og Arndís Guðmundsdóttir.
- Hegðunarerfiðleikar og ofbeldi barna. Soffía Ámundadóttir.

Áætlun um símenntun í leikskólanum 2025-2026

Símenntun starfsfólks fer fram í gegnum fyrirlestra á starfsmannafundum og skipulagsdögum.

- Næsta skólaár mun leikskólinn taka þátt í þróunarverkefni/samstarfsverkefni um snemmtæka íhlutun með áherslu á málþroska og læsi á vegum Menntamálastofnunar í samstarfi við Ásthildi Bj. Snorradóttur talmeinafræðing. Símenntun starfsfólks mun því að mestu fara fram í gegnum þróunarverkefnið.
- Skyndihjálparnámskeið
- Tákn með tali
- Einnig munum við halda áfram með endurskoðun á skólanámskrá í samræmi við nýja aðalnámskrá.

Aðrar upplýsingar

Barnafjöldi, deildarstarf og fjölbreytileiki

Börnin skiptast á þrjár deildir:

Ólátagarð, árgangar 2022-2023

Kattholt, árgangar 2020-2021-2022

Sjónarhóll, árgangur 2019-2020

Fjöldi barna eftir árgöngum 1. ágúst 2024

Fæðingarár	2023	2022	2021	2020	2019	Samtals
Stúlkur	3	6	9	7	8	33
Drengir	2	7	2	6	6	23
Samtals	5	13	11	13	14	56

Fjöldi barna eftir árgöngum 1. maí 2025

Fæðingarár	2023	2022	2021	2020	2019	Samtals
Stúlkur	2	6	10	5	9	32

Drengir	3	7	2	7	5	24
Samtals	5	13	12	12	14	56

- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu eru 18
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku eru 7
- Fjöldi tungumála er 6 (Auk íslensku eru serbókróatíska, pólska, enska, spænska, arabíska)
- Fjöldi barna í lok skólaárs voru 56.

Foreldrasamvinna

Mikil og góð samvinna við foreldra er forsenda þess að barninu líði vel í leikskólanum. Samkvæmt lögum er leikskólinn fyrsta skólastigið og annast að ósk foreldra nám barna á leikskólaaldri. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna og er leikskólinn aðeins viðbót við það uppeldi en á að engan hátt að koma í stað þess. Mikilvægt er að strax í upphafi leikskólagöngu sé lagður grunnur að góðu samstarfi milli heimilis og skóla þar sem umhyggja og velferð barnsins er höfð að leiðarljósi. Samstarfið byggist á daglegum samskiptum, góðu upplýsingastreymi, virðingu, trausti og trúnaði. Vikulega eru send út fréttaskot með helstu upplýsingum um leikskólastarfið og það sem fram undan er. Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann, boðið eru upp á tvö foreldraviðtöl á ári en einnig eftir þörfum og/eða óskum foreldra. Til þess að fá foreldra til þess að taka þátt í að meta stöðu barnsins er sendur listi heim sem foreldrar fylla út og koma með í foreldraviðtal. Leikskólinn býður einnig foreldra að koma í leikskólann og taka þátt í leikskólastarfinu meðal annars:

- Á opnu húsi á degi leikskólans
- Á Barnamenningarhátíð
- Aðrir viðburðir eftir því sem upp koma

Árlegur foreldrafundur leikskólans er haldinn að hausti þar sem leikskólastarf vetrarins er kynnt. Á þeim fundi heldur Foreldrafélagið sinn aðalfund þar sem kosið er í stjórn félagsins og foreldraráð.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Foreldrafélagið sér um ýmsar uppákomur eins og að jólasveinninn gefi börnunum gjafir á jólaballi leikskólans, veitir styrk fyrir útskriftarferð. Foreldrafélagið hefur einnig keypt og gefið leikskólanum leikföng og búnað sem nýtist börnunum í leik og starfi. Félagsgjald er innheimt af foreldrum tvisvar á ári. Í stjórn foreldrafélagsins á skólaárinu eru: Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir, Hildigunnur Þórsdóttir, Rannveig Rögn Leifsdóttir, Hafdís Lára Halldórsdóttir og Þórunn Unnur Birgisdóttir.

Foreldraráð

Hlutverk foreldraráðs er að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Það hefur einnig umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu.

Í foreldraráði þetta skólaár sitja: Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir, Inga Berta Bergsdóttir og Hafdís Lára Halldórsdóttir.

Samstarf leik- og grunnskóla

Í janúar er haldin fundur með foreldrum elstu barna þar sem farið var yfir hvað framundan er til að mynda í samstarfi milli leik- og grunnskóla. Á vorönn fara elstu börnin í litlum hópum í tvær heimsóknir í grunnskólann þar kynnst þau grunnskólasamfélaginu. Í maí fóru börnin í þriggja daga heimsókn (vorskóli) í Grunnskóla Borgarness ásamt elstu börnunum í Uglukletti. Tilgangurinn er að börnin aðlagist nýju umhverfi og verði betur undirbúin fyrir grunnskólagönguna. Gott samstarf er

við grunnskólann og eru reglulega haldnir fundir til að auka og bæta það samstarf. Persónuupplýsingar sem liggja fyrir og eru nauðsynlegar fyrir velferð og aðlögun í grunnskóla fylgja barninu á milli skólastiga.

Helstu viðfangsefni síðastliðið skólaár

Leikskólastarfið er lifandi þróunarverkefni. Leikurinn er meginnámsleið barna og á að vera þungamiðja leikskólastarfsins. Á síðasta skólaári höfum við verið að vinna þróunarverkefni sem miðar að því að efla lærdómssamfélagið í leikskólanum þar sem kennarar hafa verið að ígrunda hlutverk sitt í sjálfsþrotnum leik barna. Hvernig hægt sé að styðja við nám í gegnum leikin með því að vera beinn eða óbeinn þátttakandi í leiknum. Starfsfólk þarf að vera meðvitað um hvenær þau eru í hlutverki þjálfara, leikfélaga, leiðbeinanda eða áhorfanda í leiknum. Mikilvægt er að styðja við leik barna og geta greint hvenær og hvernig á að grípa inn í. Hvernig hjálpa á börnum að komast inn í leik, mynda vinatengsl, taka þátt í leik og líta á fjölbreytileika sem styrkleika. Gæðastarf felst í leik sem námsleið, virku starfsfólki, hlýju, öryggi og því að hlusta á börnin.

Markmið verkefnisins var að efla fagvitund starfsfólks um mikilvægi leiksins og hvernig hægt sé að stuðla að aukinni inngildingu, umburðarlyndi og fjölbreytileika allra barna í gegnum frjálsan leik. Leikur er ekki bara skemmtun – hann er meginnámsleið barna og grundvöllur þroska. Í gegnum leik eflist félagfærni, tilfinningastjórn, sköpun, lausnamiðuð hugsun og sjálfstæði, því er mikilvægt fyrir starfsfólk að þekkja ýmsar leiðir til að styðja við leikinn.

Við lögðum því upp með markvissa þróunarvinnu, fræðslu og samtali í anda lærdómssamfélags. Í gegnum leikinn viljum við sjá að virðing sé borin fyrir margbreytileika mannlífsins og markmiðið er að laga námið sem best að þroska, persónugerð, hæfileikum, getu og áhugasviði hvers og eins með það að leiðarljósi að öllum líði vel og allir séu virkir þátttakendur í lærdómssamfélaginu. Gæðastarf felst í leik sem námsleið, virku starfsfólki, hlýju, öryggi og því að hlusta á börnin.

Helstu áherslur í þessu verkefni voru því að leggja áherslu á:

- Hlutverk starfsfólks í leik barna í samræmi við aðalnámskrá, skólastefnu Borgarbyggðar og skólanámskrá leikskólans.
- Fræðslu og ígrundun starfsfólks um leik barna og hvernig má ýta undir inngildingu, umburðarlyndi og fjölbreytileika í gegnum leikinn.
- Fagmennsku og að styrkja starfsfólk til að vera sem best í stakk búið til að styðja við leik barna sem þroska- og námsleið. Þar á meðal var hugað að verkfærum /gátlistum fyrir starfsfólk sem henta öllum börnum í samskiptum.

Eftir þróunarverkefnið telur starfsfólkið sig vera með betri innsæi í leik barna, hafa aukið öryggi og meðvitund um sitt hlutverk í leik barna. Þau eru meðvitaðri um að sum börn þurfa meiri stuðning, umhverfið skiptir mál s.s. aðgengi að efnivið, og að maður þarf að vera meðvitaður um að starfsmaður hefur mörg og ólík hlutverk í aðkomu sinni að leik barna.

Gátlisti var útbúin til að hjálpa starfsmönnum að skilja betur leikfærni barna og einnig var gerður Padlet veggur sem heldur utan um fræðsluefni og ýmis hagnýt ráð fyrir starfsfólk.

Helstu verkefni

- **Farsældarlögin** – Lögð var áhersla á að allt starfsfólk kynnti sér farsældarlögin svo hægt sé að festa lögin í sessi í öllu okkar starfi.
- **Leikskólalæsi** – Mikil áhersla er á málörvun í leikskólanum. Allir þættir læsis; tal, hlustun, lestur og ritun eru hafðir til hliðsjónar og eru bækur, spil og umhverfið nýtt sem uppspretta umræðna, sköpunar og leikja. Unnið er með námsefnið Lubbi finnur málbein. Mikil áhersla er lögð á að þjálfra hljóðkerfisvitund barnanna.

- **TRAS** – TRAS-skráning er verkfæri sem notað er til að skrá og fylgjast með málþroska tveggja til fimm ára barna. TRAS er notað á öllum deildum leikskólans og niðurstöður skráningarinnar ræddar í foreldraviðtölum sem eru tvisvar á ári. Allir deildarstjórar leikskólans hafa farið á námskeið til þess að öðlast réttindi til að mega leggja TRAS fyrir börnin.
- **HJÓM-2** er athugun á hjóð- og málvitund leikskólabarna og er lagt fyrir elstu börnin í október ár hvert og endurtekið í febrúar ef þarf.
- **Könnun á líðan elstu barna var gerð í febrúar** - börnin fara heim með blað þar sem foreldrar aðstoða þau við að svara spurningum um líðan sína í mismunandi aðstæðum í leikskólanum og merkja við með viðeigandi táknmynd. Niðurstöðurnar eru skoðaðar og gerðar eru viðeigandi breytingar ef þurfa þykir til að koma til móts við líðan barnanna.
- **Leiðtogamappa** – Leiðtogamappa er einskonar ferilmappa barnsins. Vinna heldur áfram með þróun og gerð hennar. Á hverri deild er skipaður ábyrgðaraðili sem ber ábyrgð á og heldur utan um það sem á að fara í möppuna.
- **Blær**- Vináttu verkefni Barnaheilla - Áfram er unnið með vináttuverkefni Barnaheilla sem er námsefni sem stuðlar að góðum samskiptum og vináttu í leikskólanum og er það bangsinn Blær sem er táknmynd vináttunnar.
- **Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna** – Haldið var áfram að innleiða sáttmálann inn í starfið.
- **Heilsuefling**- Leikskólinn er heilsueflandi leikskóli og eru bæði börn og starfsfólk hvött til þess að huga að mataræði og hreyfingu og heilbrigðum lífnaðarháttum.
- **Eldvarnarleiðtogar** – Elstu börnin í leikskólanum skiptast á að yfirfara brunavarnir leikskólans ásamt leikskólastjóra.
- **Leiðtogahæfni** – Höldum áfram að vinna með og þróa leiðtogaverkefnið, Leiðtoginn í mér. Þar sem við hjálpumst að við að verða besta útgáfan af okkur sjálfum.

Helstu viðburðir í skólstarfinu

- **Dagur læsis** var þann 8. september. Af því tilefni var lestrarátak Lubba þar sem foreldrar voru hvattir til þess að lesa fyrir börnin sín. Foreldrar skrá heiti bókar á Lubbabein, koma með í leikskólann og hengja hjá Lubba.
- Árgangur 2019 fór í nokkrar heimsóknir í Kviku og speglasalinn í Hjálmakletti. Þar fengu börnin tækifæri til að kynnst fjölbreyttum tækjum og tóku þátt í leikjum og hreyfingu í speglasalnum.
- Afmæli leikskólans var haldið hátíðlega þann 11. október, þegar leikskólinn fagnaði 46 ára afmæli. Í hádeginu var boðið upp á pylsur og í kaffitímanum fengu börnin köku og kex. Að auki kom Blær bangsi til baka úr sumarfríi á skemmtilegan hátt — svífandi inn á svæðið með dróna, sem vakti mikla gleði barnanna.
- Barnaóperusýning 30. október í samvinnu við Óperudaga og Listaskóla Borgarbyggðar fóru árgangar 2019 og 2020 í Hjálmaklett að sjá sýninguna Eggið.
- **Hrekkjavaka** var í lok október, börn og starfsfólk mættu í búningum og ball var haldið í sal leikskólans.
- **Dagur íslenskrar tungu** er 16. nóvember, þar sem 16 nóvember var á laugardegi þá komu nemendur úr fjórða bekk grunnskólans mánudaginn 18. nóvember í heimsókn í leikskólann og lásu fyrir börnin.
- **Foreldraskemmtanir** voru 26, 27 og 28 nóvember. Börnin buðu foreldrum að koma og sjá skemmtiatriði sem þau eru búin að undribúa.
- **Eldvarnarvika** var 18-22 nóvember. Bjarni frá Slökkviliðinu kom og kynnti samstarfsverkefni slökkviliðsins og leikskólans **Logi og Glóð** fyrir elstu börnunum.
- **Leikhús í tösku** kom til okkar 4. desember, með jólaleiksýninguna Grýla og jólasveinarnir.

- **Borgarnes kirkja** var heimsótt 18. desember þar tók Heiðrún Bjarnadóttir prestur í Borgarbyggð á móti árgöngum 2019 og 2020. Við skoðuðum kirkjuna, sungum jólalög og fengum djús og piparkökur.
- **Jólaball** – var haldið 11. desember í sal leikskólans þar sem dansað var í kring um jólatréð, jólasveinninn mætti og gaf börnunum bók. Svo var boðið upp á dýrindis jólamat.
- **Þorablót** - Við blótum þorrann og höldum þorablót á Bóndadaginn.
- **Dagur leikskólans** er 6. febrúar. Ætlunin var að halda upp á hann í leikskólanum með því að hafa opið hús þar sem foreldrum var boðið að koma og taka þátt í leik og starfi. Þar sem það var rauð veður viðvörðun var ákveðið að hafa leikskólann lokaðan. Listaverkasýningin í Hyrnutorgi var á sínum stað.
- **Bolludagur, sprengidagur og öskudagur**, við höldum í gamlar hefðir og höldum upp á þessa daga að gömlum sið.
- **Skólaheimsóknir** - í febrúar og mars fóru elstu börnin í litlum hópum í tvær heimsóknir í grunnskólann, þar kynntust þau grunnskólasamfélaginu og skólalóðinni.
- **Gleðivikan** var á sínum stað 17-21. mars, en þá er starfið brotið upp með ýmsum hætti.
- **Vorskóli grunnskólans** var dagana 6., 7. og 8. maí. Þá fóru elstu börn leikskólans í heimsókn í grunnskólann. Markmið heimsóknarinnar var að kynna börnunum nýtt umhverfi og styðja við aðlögun þeirra að grunnskólastarfinu.
- **Barnameningarhátíðin** var haldin í Borgarbyggð dagana 5.-11. maí, okkar framlag var m.a. listaverka sýning í garði leikskólans og samsöngur leikskólabarna í Borgarbyggð þar sem börnin sungu lög og texta eftir Braga Valdimar Skúlason. Einnig tóku börnin þátt í listaverkasýningu sem hékk uppi í Geirabakarí.
- **Útskrift** elstu barna fór fram 15. maí í Hjálmakletti. Börnin buðu foreldrum og sínum nánustu á skemmtun þar sem þau sungu, dönsuðu, sýndu fimleikaæfingar og sögðu brandara. Foreldrar komu með veitingar og foreldrafélagið sá um drykki.
- **Útskriftarferð** elstu barna var farin í Vatnaskóg 21. maí þar sem börn og starfsfólk áttu skemmtilegan dag. Ferðin var styrkt af foreldrafélaginu. Allir leikskólar Borgarbyggðar (Ugluklettur, Andabær, Hnoðraból og Hraunborg) fóru í fyrsta sinn saman í útskriftarferð.
- **Umferðaskóli Samgöngustofu í júní** - Tveir elstu árgangarnir tóku þátt í verkefninu. Í umferðarskólanum er m.a. fjallað um öryggi barna í bílum, hvernig fara eigi yfir götu og hvar öruggast sé að hjóla og leika sér úti.
- **Sumarhátíð var haldin 27. júní** Þá var hefðbundið starf brotið upp og boðið upp á ýmislegt sprell bæði úti og inni. Hápunkturinn er alltaf froðu diskóið. Allir fengu pylsur í hádegismatinn og skúffuköku í síðdegishressingu.
- **Hjóladagar** voru aðra hvora viku í sumar, Sjónarhóll á Þriðjudögum og Kattholt og Ólátagarður á miðvikudögum. Það er að koma vel út að tvískipta hópnum á hjóladögum.

Mat á skólastarfi

Innra mat

Hver leikskóli á að meta árangur og gæði starfsins reglulega með þátttöku starfsfólks, barna og foreldra og birta niðurstöður matsins opinberlega ásamt áætlun um umbætur (Aðalnámskrá leikskóla, 2011; Lög um leikskóla nr. 90/2008).

Sjálfsmat skóla eða innra mat er ætlað að leggja faglegan grundvöll að skólastarfi, styðja við skólaþróun og sýna með gögnum hvernig gæðaviðmiðum er náð. Við framkvæmd og þróun innra mats er mikilvægt að gagnaöflun taki mið af starfsumhverfi leikskólans og þeim starfsháttum sem þar eru lagðir til grundvallar. Það eykur á gildi matsins að byggja á fjölbreyttum matsaðferðum og að sjónarhorn starfsfólks, foreldra og ekki síst barna komi fram.

Hér á eftir er gerð grein fyrir niðurstöðum innra mats frá síðastliðnum vetri; þátttakendum í matsteymi, framkvæmd og aðferðum við innra mat leikskólans, auk áætlunar um framhaldið; byggt á fyrrnefndum niðurstöðum.

Keypt er þjónusta frá skólapúlsinum sem sendir út kannanir annað hvert ár til foreldra og starfsfólks. Í mars 2025 var foreldrakönnun lögð fyrir. Leikskólinn kom ágætlega út úr könnunni alltaf er eitthvað sem má fara betur sem verður tekið til skoðunar. Mikilvægustu niðurstöðurnar voru að börnin eru ánægð og líður vel í leikskólanum. Flestar athugasemdir sem gerðar voru sneru að húsnæði leikskólans sem þarfnast verulegra úrbóta. Í starfsmannasamtölum og moodup könnunum sem Borgarbyggð framkvæmir á þriggja mánaða fresti komu einnig fram margar athugasemdir vegna starfsaðstæðna kennara og húsnæðis leikskólans. Tillögur á úrbótum á húsnæði leikskólans eru komnar í ferli og vonir standa til að þær verði komnar til framkvæmda á skólaárinu 2025-2026.

Matsaðferðir og gagnaöflun

Starfsfólk

Skólapúlsinn	Skólapúlsinn – Starfsmannapúlsinn fyrir leikskóla er netkönnun sem lögð er fyrir allt starfsfólk leikskóla annað hvert ár. Hún er hönnuð til að styðja við innra mat leikskóla og veita stjórnendum og starfsfólki innsýn í líðan, starfsumhverfi og faglegt starf. Þetta árið var foreldrakönnun framkvæmd.
Starfsmannasamtöl: Skólastjóri tekur starfsmannasamtöl á hverju ári	Einstaklingssamtöl í leikskólum eru samtöl milli leikskólastjóra og starfsmanna. Þau eru mikilvægur hluti af faglegri stjórnun og mannauðsstjórnun innan leikskóla og stuðla að betri starfsanda, faglegri þróun og vellíðan starfsfólks. Tilgangur einstaklingssamtala - Fagleg endurgjöf og þróun - Gefur tækifæri til að ræða frammistöðu, styrkleika og möguleg þróunarsvið. - Markmiðasetning - Starfsmaður og stjórnandi setja saman markmið fyrir næsta tímabil, bæði fagleg og persónuleg. - Vellíðan og starfsánægja - Rætt er um líðan í starfi, samskipti, álag og stuðning. - Tækifæri til að tjá sig - Starfsmaður fær rými til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri í trúnaði.
Moodup könnun á þriggja mánaða fresti	Reglulega eru gerðar mælingar sem gefa stjórnendum heildstæða mynd af líðan starfsfólks og gera þeim kleift að auka starfsánægju á vinnustaðnum.
Starfsmannafundir	Starfsmannafundir í leikskóla eru mikilvægur hluti af faglegu starfi og samstarfi starfsfólks. Þeir gegna lykilhlutverki í að tryggja gæði leikskólastarfs, samræma vinnubrögð og efla faglega umræðu. Tilgangur starfsmannafunda Samræming og upplýsingamiðlun Fundir eru vettvangur til að miðla upplýsingum um daglegt starf, breytingar á skipulagi, öryggismál og aðrar mikilvægar ákvarðanir auk fræðslu. Fagleg þróun Fundir eru oft nýttir til að ræða kennslufræði, námskrárvinnu og fagleg málefni sem tengjast þroska og velferð barna.

	• Samvinna og teymisvinna Þeir styrkja samvinnu starfsfólks og skapa rými fyrir lausn vandamála og umræðu um áskoranir í starfi. • Endurgjöf og umbætur Fundir gefa tækifæri til að veita og fá endurgjöf, sem stuðlar að stöðugri þróun og umbótum í starfi.
Skipulagsdagar	Skipulagsdagar í leikskólum eru fyrirfram ákveðnir dagar þar sem leikskólinn er lokaður fyrir börn, en starfsfólk mætir til vinnu. Þessir dagar eru mikilvægir fyrir faglegt starf og skipulagningu innan leikskólans. Tilgangur skipulagsdaga Skipulagsdagar eru nýttir til að: • Undirbúa og skipuleggja leikskólastarfið – t.d. vinna að starfsáætlunum, námskrá, verkefnum og viðburðum. • Faglega þróun starfsfólks – t.d. með námskeiðum, fræðslu, teymisvinnu og umræðum um fagleg málefni. • Endurskoða og meta starfsemi – t.d. í tengslum við innra mat, gæðaviðmið og umbótaverkefni. • Samræma vinnubrögð og efla samstarf – t.d. með sameiginlegum fundum, rýnihópum og teymisvinnu.
Deildarstjórafundir	Deildarstjórafundir í leikskólum eru reglulegir fundir þar sem deildarstjórar, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri hittast til að samræma starfsemi, ræða fagleg málefni og vinna að þróun leikskólans. Þessir fundir eru mikilvægur hluti af faglegri stjórnun og samstarfi innan leikskólans. Tilgangur deildarstjórafunda • Samræming og upplýsingamiðlun – Deildarstjórar fá upplýsingar frá leikskólastjóra og miðla þeim áfram til sinna teyma. • Fagleg þróun og stefnumótun – Fundir eru vettvangur til að ræða námskrá, gildi leikskólans, þróunarverkefni og faglega sýn. • Lausn vandamála og stuðningur – Deildarstjórar ræða áskoranir í starfi, fá stuðning hver frá öðrum og frá stjórnendum. • Skipulag og framkvæmd – Samræming á daglegu starfi, viðburðum, skipulagi og mönnun.
Deildafundir	Deildafundir í leikskólum eru reglulegir fundir sem haldnir eru innan hvernar deildar leikskólans. Þeir gegna mikilvægu hlutverki í daglegu starfi og faglegri þróun starfsfólks. Tilgangur deildafunda • Samræming og skipulag – Rætt er um daglegt starf, verkefni vikunnar, viðburði og mönnun. • Fagleg ígrundun – Starfsfólk ræðir um hegðun, þroska og velferð barna, ásamt því að ígrunda eigin starfshætti. • Samskipti og samvinna – Fundir styrkja teymisvinnu og tryggja að allir séu meðvitaðir um sameiginleg markmið.

	• Endurgjöf og lausn vandamála – Tækifæri til að ræða áskoranir og finna lausnir í sameiningu.
Morgunfundir	Morgunfundir í leikskólum eru stuttir, reglulegir fundir sem haldnir eru í upphafi vinnudags. Þeir gegna mikilvægu hlutverki í daglegu skipulagi og samvinnu starfsfólks. Tilgangur morgunfunda • Yfirsýn yfir daginn – Hver deild fer yfir dagskrá dagsins, mönnun, verkefni og sérstakar aðstæður (t.d. veikindi, viðburðir). • Samræming og upplýsingamiðlun – Tryggir að allir séu meðvitaðir um hvað er framundan og hver ber ábyrgð á hverju. • Stuðningur og samheldni – Skapar tækifæri til að styrkja teymisvinnu og efla jákvætt andrúmsloft í upphafi dags.
Námsáætlun	Námsáætlanir í leikskólum á Íslandi eru skipulagðar áætlanir sem byggja á Aðalnámskrá leikskóla og eru ætlaðar til að styðja við nám og þroska barna í leikskólaumhverfi. Þær eru mótaðar af leikskólakennurum og stjórnendum og endurspegla bæði fagleg markmið og daglegt starf. Tilgangur námsáætlana • Skipuleggja nám og leik barna – Námsáætlanir tryggja að námssvið og grunnþættir menntunar séu samþætt í daglegu starfi. • Tryggja samfellu og gæði í leikskólastarfi – Þær veita starfsfólki ramma til að vinna markvisst og samræmt að þroska og velferð barna. • Stuðla að faglegri ígrundun og þróun – Áætlanir eru tæki til að ígrunda og meta starf, og þróa það í takt við þarfir barnanna. • Miðla upplýsingum til foreldra og samstarfsaðila – Þær gera starfsemi leikskólans sýnilega og skiljanlega fyrir foreldra og samfélagið.
Starfskenning: Hvernig kennari er ég?	Að velta fyrir sér hvernig kennari maður er sýnir faglega ígrundun og áhuga á eigin þróun í starfi. Spurningar sem gott er að velta fyrir sér. Hvernig nálgast ég börnin? – Er ég hlý/hlýr, hvetjandi, skipulagður, skapandi? Hvernig styð ég við nám og þroska? – Nota ég fjölbreyttar aðferðir? Hvernig tengi ég leik og nám? Hvernig vinn ég með samstarfsfólki? – Er ég lausnamiðað(ur), samvinnufús, leiðandi eða hlustandi? Hvernig bregst ég við áskorunum? – Er ég sveigjanleg(ur), róleg(ur), lausnamiðað(ur)? Hvernig ígrunda ég starf mitt? – Tek ég mér tíma til að hugsa um hvað gekk vel og hvað mætti bæta?
Undirbúningstímar kennara	Undirbúningstímar leikskólakennara eru mikilvægur þáttur í faglegu starfi og skipulagi leikskóla. Þeir eru ætlaðir til að tryggja gæði náms og velferð barna með því að gefa kennurum tíma til að skipuleggja, ígrunda og þróa starfið sitt. Undirbúningstímar eru þeir tímar sem leikskólakennarar fá utan deildar til að sinna fjölbreyttum verkefnum, svo sem: • Skipulagningu og gerð námsáætlana

	• Skráningu og ígrundun um nám og leik barna • Fundum og samstarfi við foreldra • Faglegri þróun og lestri fræðiefnis • Undirbúningi viðburða og verkefna
--	--

Foreldrar

Foreldrar	Foreldrar eru hvattir til að hafa áhrif á nám barna sinna með því að koma sínum hugmyndum á framfæri.
Skólapúlsinn	Skólapúlsinn – Foreldrakönnun í leikskólum er framkvæmd annað hvert ár. Könnunin sem lögð er fyrir foreldra/forsjáraðila barna í leikskólum á Íslandi. Hún er mikilvægur hluti af innra mati leikskóla og veitir stjórnendum og starfsfólki innsýn í upplifun og viðhorf foreldra til leikskólastarfsins.
Aðlögunarviðtal nýrra foreldra	Aðlögunarviðtal við nýja foreldra í leikskóla er mikilvægt fyrsta samtal milli leikskólans og foreldra/forsjáraðila barns sem er að hefja leikskólagöngu. Markmiðið er að byggja upp traust, miðla upplýsingum og tryggja að aðlögun barnsins verði sem best. Tilgangur viðtalsins Kynnast barninu og fjölskyldunni Safna upplýsingum um þarfir, venjur og áhugamál barnsins Útskýra starfsemi leikskólans og aðlögunarferlið Ræða væntingar og spurningar foreldra Byggja upp traust og samstarf
Foreldraviðtöl	Foreldraviðtöl í leikskólum eru mikilvægur þáttur í samstarfi milli leikskóla og heimila. Þau skapa vettvang fyrir opið samtal um velferð, þroska og nám barnsins og styrkja tengslin milli foreldra og starfsfólks. Foreldraviðtöl eru tvisvar sinnum á ári. Foreldrar eða leikskóli geta alltaf óskað eftir viðtali ef þörf er á.
Foreldramatsblað	Fyrir foreldraviðtal sendir deildarstjóri heim með barninu matsblað sem foreldrar fylla út og koma með í viðtalið. Með því fáum við foreldra með okkur í að meta þroska og framfarir barnsins.
Aðlögun nýrra barna	Allir nýir foreldrar eru beðnir um að fylla út könnun til að meta hvernig þeir upplifðu aðlögunarferlið.

Börn

Líðan elstu barna	Könnun á líðan elstu barna er gerð í febrúar Börnin fara heim með blað þar sem
-------------------	---

	foreldrar aðstoða þau við að svara spurningum um líðan sína í mismunandi aðstæðum í leikskólanum og merkja við með viðeigandi táknmynd. Niðurstöðurnar eru skoðaðar og gerðar eru breytingar ef þurfa þykir til að koma til móts við líðan barnanna.
HLJÓM-2 Er íslenskt skimunarpróf sem er notað í leikskólum til að meta hljóðkerfis- og málvitund barna í elsta árgangi leikskólans, yfirleitt á aldrinum 4 ára og 9 mánaða til 6 ára og 1 mánaðar	HLJÓM-2 er athugun á hljóð- og málvitund leikskólabarna og er lagt fyrir elstu börnin í október ár hvert og endurtekið í febrúar ef þarf. Markmið HLJÓM-2 • Er að greina börn sem eru í áhættu fyrir lestrarerfiðleikum áður en þau hefja formlegt lestrarnám í grunnskóla. • Að veita snemmtæka íhlutun með markvissri þjálfun í þeim þáttum sem börn eiga í erfiðleikum með.
TRAS: Er skráningarlisti sem leikskólakennarar nota til að fylgjast með málþroska barna á aldrinum 2,2 til 5 ára.	Hvað gerir TRAS? TRAS er ekki próf heldur kerfisbundin skráning á athugunum kennara á: Málþroska (hlustun, tjáning, orðaforða o.fl.) Félagsþroska (samskipti, leikur, samvinna) Hreyfiþroska (fínhyrtingar og grófhreyfingar) Hvernig er TRAS notað? Kennarar skrá athuganir reglulega yfir ákveðið tímabil. Notað til að greina frávík snemma og grípa til viðeigandi íhlutunar. Stuðlar að markvissari stuðningi við börn sem þurfa á því að halda.
Leiðtogaþemma/Ferilmappa í leikskólum er safn gagna og upplýsinga sem sýna þróun og nám barns yfir ákveðið tímabil. Hún er mikilvægur hluti af leikskólastarfi og mati á námi barna.	Hvað inniheldur ferilmappa? Ferilmappa getur innihaldið eftirfarandi: Myndir og teikningar barnsins Lýsingar á verkefnum sem barnið hefur unnið Tilgangur ferilmöppu Að sýna framfarir barnsins á sýnilegan hátt Að styðja við einstaklingsmiðað nám Að auka þátttöku foreldra í námi barnsins
Barnafundir: Barnafundir í leikskólum eru skipulögð samtöl eða samverustundir þar sem börn fá tækifæri til að tjá sig, koma með hugmyndir og taka þátt í ákvarðanatöku um málefni sem varða þau sjálf og leikskólastarfið.	Markmið barnafunda Að efla lýðræðislega þátttöku barna Að styrkja sjálfsmynd og tjáningu Að hlusta á raddir barna og taka þær alvarlega Að auka ábyrgðartilfinningu og samvinnu Hvernig fara barnafundir fram? Fundirnir eru oft haldnir í litlum hópum og á reglulegum tíma. Kennari leiðir fundinn en börnin fá tækifæri til að tjá sig frjálst. Notaðar eru myndir, tákn eða hlutir til að auðvelda börnum að skilja og tjá sig. Fundarefni geta verið t.d.:

	Hvað börnin vilja gera í leik Hvernig þeim líður í leikskólanum Hvernig þau vilja hafa leiksvæði eða matartíma Lausnir á ágreiningi eða áskorunum Hvað gerist eftir fundinn? Kennarar skrá niður það sem kemur fram. Hugmyndir barna eru teknar til skoðunar og oft framkvæmdar. Börnin fá að sjá að rödd þeirra skiptir máli.
--	--

Matsviðmið

Viðmiðin sem við göngum út frá fyrir næsta skólaár eru Aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá, starfslýsingar, lærdómssamfélag, traust og gildi leikskólans ásamt starfsmannasáttmálanum okkar og siðareglum kennara.

Matsaðferðir

Við matið notfærðum við okkur skráningar, fundagerðir, matslista með hliðsjón af skólanámskrá, foreldrahandbók, starfsáætlun, dagskipulagi og skóladagatali leikskólans. Við tökum einnig mið af foreldra- og starfsmannakönnunum, starfsþróunarsamtölum og vinnum umbótaáætlanir út frá því.

Þátttakendur í mati

Allt starfsfólk leikskólans eru þátttakendur í mati á skólastarfinu á einhvern hátt. Matsteymið (leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildastjórar) vinnur drög og kynnir svo á starfsmannafundi, skipulagsdögum. Elstu börnin eru spurð álits og fá að koma með sínar hugmyndir inn í vinnuna. Einnig koma foreldrar með sína sýn. Út frá þessu er svo unnin umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Framkvæmd mats

Skólastarfið er metið jafnt og þétt yfir skólaárið og fylgt eftir á starfsmanna-, deildastjóra- og samráðsfundum stjórnenda leikskólans.

Framsetning niðurstaðna

Niðurstöður eru kynntar öllu starfsfólki og birtar á heimasíðu skólans.

Gerð umbótaáætlana og eftirfylgd með þeim

Gerð er umbótaáætlun sem byggð er á mati síðasta skólaárs. Skólastjóri ber ábyrgð á að henni sé framfylgt.

Ytra mat

Ytra mat er unnið af utanaðkomandi aðilum, aðila á vegum sveitarfélags og/eða menntamálaráðuneytis.

Þættir leikskólastarfsins sem unnið var með skólaárið 2024-2025.

- Á þessu skólaári höfum við haldið áfram að rýna í starf og starfshætti, síðasta skólaár breyttum við verulega dagskipulaginu okkar og höfðum það opnara. Í ár höfum við farið aðeins til baka og bætt við skipulögðum stundum.
- Í vetur höfum við haldið áfram í þeirri vinnu að finna farsælar leiðir til að mæta hegðun og líðan barna.

- Líðan starfsfólks og starfsánægja skiptir miklu máli og var rædd jafnt og þétt yfir veturinn og í starfsþróunarsamtali.
- Reglulega er tekin umræða um hvernig hægt er að minnka álag í starfi og viðhorf okkar til vinnunnar.

Matsþættir sem vinna á með skólaárið 2025-2026

Hér á eftir eru settir fram þeir fjórir þættir sem við munum meta á næsta skólaári og gerð verður grein fyrir markmiðum, leiðum, tímasetningum, ábyrgðaraðila og hvernig árangur verður metinn:

- Allir leikskólar Borgarbyggðar eru að fara í samstarfsverkefni með miðstöð menntunar og skólaþjónustu og Ásthildi Bj. Snorradóttur, talmeinafræðings.**
Markmið verkefnis: Að öll börn í leikskólum á Íslandi nái hámarksárangri hvað varðar mál, tal, boðskipti og læsi í viðum skilningi. Unnið verður eftir hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun með áherslu á hámarksárangur allra nemenda hvað varðar málþroska og læsi.
- Halda þróunarverkefninu “Sérðu mig” á lofti.**
Markmið verkefnis: Er að viðhalda þeirri þekkingu sem skapaðist við vinnu á síðasta skólaári. Með því að gefa starfsfóli tækifæri til samræðna og ígrundunar um hlutverk sitt í leik barna.
 - Hefur leikurinn nóg vægi í dagskipulaginu?
 - huga að efniviði?
 - hlutverk starfsfólks í leik?
 - fá allir tækifæri til að vera með í leiksamfélaginu?
- Yfirfara og endurgera skólanámskrá leikskólans.**
Markmið verkefnisins: Fara yfir og gæta þess að skólanámskráin sé í samræmi við aðalnámskrá leikskóla, læsis- og menntastefnu Borgarbyggðar og lög og reglugerðir. Auk þess að endurspegla leikskólastarfið.
Leiðir að markmiði: Setja áherslu á ákveðna þætti og vinna jafnt og þétt yfir skólaárið.
Hver er ábyrgur: Stjórnendateymi leikskólans.
Hvernig og hvenær verður markmið metið: Með fullkláraðri skólanámskrá sem allt starfsfólk hefur sammælt um að hafa að leiðarljósi í starfi.
- Stuðningur /sérkennsla**
Markmið verkefnisins: Gera alla starfsmenn deilda meðvitaða um þann stuðning sem á að fara fram inni á deild.
Leiðir að markmiðum: Sérkennslustjóri heldur reglulega fundi með starfsfólki um sérparfir viðkomandi barna og leiðir að þeirra markmiðum.
Hver er ábyrgur: Deildarstjóri. Sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri aðstoða með handleiðslu inni á deild.
Hvernig og hvenær verður markmið metið: Jafnt og þétt yfir skólaárið með því að starfsfólk geti sinnt öllum börnum af öryggi.
- Hæglæti í skólastarfinu**
Markmið verkefnisins: Að minna álag á starfsfólk og áreiti á börn og skapa meiri ró í skólastarfinu. Við ætlum að halda áfram þeirri vegferð að vera meira í augnablikinu og

minnka asa, flýti og hraða. Þróunarverkefnið okkar Sérð þú mig kemur til með að styðja vel við þetta verkefni.

Leiðir að markmiðum: Með því að skapa rólegt umhverfi og fyrirsjáanlegaleika hjálpum við börnunum að finna öryggi og ró.

Hver er ábyrgur: Allt starfsfólk leikskólans.

Hvernig og hvenær verður markmið metið: Jafnt og þétt yfir skólaárið verður rýnt í starfið í heild sinni og fundnar leiðir til að stuðla að meira hæglæti í daglegustarfi, með fræðslu og samræður á fundum.

Öryggis og slysamál

Í leikskólanum er öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður sem báðir hafa farið á sérhannað námskeið hjá vinnueftirlitinu. Hlutverk þeirra er að gera athugasemdir þegar þeir sjá eitthvað sem upp á vantar s.s. varðandi vinnuvernd, áhættu á slysum og félagslegu vinnuumhverfi. Þegar slys eða óhapp verður í leikskólanum er það skráð í slysaskýrslu og inn á Atvik.is. Annað hvert ár fara allir starfsmenn leikskólans á skyndihjálparnámskeið á starfsdegi og er það áætlað á næsta skólaári. Í leikskólanum er viðbragðsáætlun vegna fáliðunar sem er virkjuð þegar mannekla er og þannig tryggt að öryggi og námsaðstæður barna og starfsumhverfi kennara sé í lagi.

Húsnæði og lóð

Á hverjum morgni fer fram lóðareftirlit sem deildarnar skiptast á að annast og skrá niður, á þar til gerð eyðublöð. Ef eitthvað þarf að lagfæra þarf að láta stjórnendur vita. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands gerir úttekt á lóð leikskólans og gerir athugasemdir við það sem þarfnast lagfæringar. Mörg leiktæki á leikskólalóðinni eru komin til árasinna og þarfnast endurnýjunar. Húsnæði leikskólans er komið til ára sinna og þarfnast verulegra endurbóta, má þar nefna vinnuaðstöðu kennara og baðherbergi bæði á Kattholti og Sjónarhóli. Vinnueftirlitið kom í mars og gerði úttekt á húsnæði leikskólans. Framkvæmdarsvið Borgarbyggðar hefur verið falið að skoða hvernig hægt er að bregðast við. Komnar eru hugmyndir um að stækka leikskólann um eina deild með því að setja færanlegar kennslustofur / gáma og gera breytingar á einni deild sem færi undir aðstöðu fyrir kennara og skrifstofurými.

Við fögnum því að bregðast eigi við með því að bæta starfsaðstöðu kennara og stjórnenda. En það er ekki nóg því að aðrir hlutar húsnæðisins þurfa verulega á endurbótum að halda, sjá skýrslu frá vinnueftirlitinu og heilbrigðiseftirlitinu.